



Fundargerð fræðslunefndar

Fimmtudaginn 4. febrúar 2010, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:00 í Bjarmanesi.

Á fundinn voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Vigdís Ómarsdóttir, Jóhannes Indriðason, Helga Björg Ingimarsdóttir, Guðbjörg Eyjólfsdóttir, Gígja Óskarsdóttir, Signý Richter, Áslaug Ottósdóttir, Björn Hallbjörnsson, Sesselja Guðmundsdóttir, Þórunn Bernósdóttir, Hildur Ingólfssdóttir, og Magnús B. Jónsson.

Formaður fræðslunefndar, Birna Sveinsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2010.

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun 2010 fyrir deild 04 Fræðslu- og uppeldismál. Þórunn fór yfir áætlun fyrir leikskólann og skýrði helstu forsendur áætlunarinnar og hvaða áhrif hún hefði á starf og rekstur leikskólans.

Hildur fór yfir rekstur grunnskólans og áætlun fyrir hann. Áætlaður heildarkostnaður vegna fræðslumála er 182.796 þús. en tekjur eru áætlaðar 37.379 þús. og nettó kostnaður vegna fræðslumála er því 145.487 þús. Helstu rekstraliðir undir deild 04 eru: Skólaskrifstofa, leikskóli, grunnskóli, framlög til tónlistarskóla, og námsstofa.

Talsverðar umræður urðu um fjárhagsáætlunina en ekki gerðar sérstakar bókanir vegna hennar.

2. Rekstur grunnskólans

Hildur rakti helstu þætti í rekstri skólans og fór yfir skipulags breytingar sem gerðar hafa verið. Miklar og líflegar umræður urðu um skólastarfið og samskipti skóla, nemenda og foreldra. Fram kom að í tilefni 70. afmælisári skólans á síðasta ári hafi verið efnt til samkeppni um skólasöng (lag og texti) og merki skólans. Merki skólans verður notað sem táknmynd hans á opinberum vettvangi. Veitt verða ein verðlaun fyrir hvora tillögu fyrir sig að upphæð 50 þúsund krónur. Verðlaunin eru styrkt af Minningarsjóði hjónanna frá Vindhæli og Garði annarsvegar og Lionsklúbbi Skagastrandar hins vegar.

Fram voru lögð drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2010 -2011. Rætt var um dagatalið, einkum um spurninguna hvort taka skuli vetrarfrí. Ákveðið að gera könnun á viðhorfum foreldra til vetrarfrís. Hildur greindi einnig frá ýmsum gjöfum sem skólanum hafa borist m.a. vegna forvarna.



3. Rekstur leikskólans

Þórunn fór yfir helstu atriði í rekstri leikskólans. Hún gerði m.a. grein fyrir nemendafjölda og samantekt barngildisfjölda og starfsmannafjölda. Gjaldskrá leikskólans var tekin til umfjöllunar og dvalartímatilboð. Þórunn kynnti hugmyndir um breytt dvalartímatilboð sem byggist á mati á nýtingu starfsmanna með tilliti til barngildafjölda á ákveðnum tímum dags. Lagði hún fram lista yfir þá möguleika sem gætu verið á nýjum dvalartímatilboðum.

Fram kom að nemendur leikskólans eru með sýningu á verkum sínum í tilefni af degi leikskólans sem er 6. febrúar ár hvert í afgreiðslusal Landsbankans á Skagaströnd.

4. Önnur mál.

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlíð.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.10

Birna Sveinsdóttir,

Vigdís Ómarsdóttir,

Jóhannes Indriðason,

Helga Björg Ingimarsdóttir,

Guðbjörg Eyjólfsdóttir,

Gígja Óskarsdóttir,

Signý Richter,

Áslaug Ottósdóttir,

Björn Hallbjörnsson,

Sesselja Guðmundsdóttir,

Þórunn Bernódusdóttir,

Hildur Ingólfisdóttir,

Magnús B. Jónsson.